

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2013

Tilvísun ÞÍ: 2013021365/0.2.0

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum um heimild til rafrænna íbúakosninga og gerð rafrænnar kjörskrár. Þingskjal 563, 449. mál, 141. löggjafarþing 2012 - 2013.**

Þjóðskrá Íslands starfaði með innanrikisráðuneytinu að gerð frumvarpsins og styður því framgang þess. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Þjóðskrá Íslands hafi aðkomu að framkvæmd íbúakosninga, annars vegar með því að leggja til rafræna kjörskrá og hins vegar þegar kemur að auðkenningu, uppflettingu í þjóðskrá, talningu og umsjón vefsvæðis vegna íbúakosninga. Þjóðskrá Íslands hefur unnið brautryðjendastarf á sviði rafrænnar stjórnsýslu og gegnir lykilhlutverki við gerð kjörskrár vegna almennra kosninga og er því vel að þessu hlutverki komin.

Þjóðskrá Íslands mun leggja áherslu á öryggi við framkvæmd rafrænna íbúakosninga, t.d. varðandi kröfur til auðkenningar og gerð kosningakerfa. Hingað til hafa Íslendingar ekki átt auðkenningarleið sem hefur bæði uppfyllt kröfur um öryggi og útbreiðslu. Því hefur innanrikisráðuneytið ákveðið að taka í notkun nýjan veflykil, „Íslykil“<sup>1</sup>, sem uppfyllir kröfur ESB um fullvissustig 2 og 3<sup>2</sup>. Til samanburðar má geta þess að Norðmenn gerðu kröfur um fullvissustig 3 í sveitarstjórnarkosningunum 2011. Varðandi kosningakerfi þá er þegar hafin skoðun á ýmsum kerfum og verður sérstaklega horft til atriða eins og að kóðinn sé opinn og aðgengilegur, uppfylli kröfur um öryggi og hægt sé að kjósa oft en einu sinni.

Þjóðskrá Íslands telur að þau verkefni sem stofnuninni verða falin með samþykkt frumvarpsins séu til þess fallin að tryggja framþróun rafrænnar tækni við innleiðingu rafræns lýðræðis.

F.h. Þjóðskrár Íslands

  
Astríður Jóhannesdóttir  
Lögfræðingur

<sup>1</sup> Sjá <http://www.islykill.is>

<sup>2</sup> Sjá [https://www.eid-stork.eu/index.php?option=com\\_processes&Itemid=&act=streamDocument&did=577](https://www.eid-stork.eu/index.php?option=com_processes&Itemid=&act=streamDocument&did=577)